

Félagshæfni haust 2019

Kennarar: Auður Yngvadóttir; Laufey Eyþórsdóttir; Smári Rafn Teitsson

6

Lýsing

Nemendur vinna með félagshæfni; læra orðaforða yfir tilfinningar og að lesa í svipbrigði, kynnast leiðum til að stjórna reiði sinni, auka vellíðan sína og byggja upp sjálfsmynd sína.

Markmið:

Að nemendur:

- auki orðaforða sinn yfir tilfinningar og nýti hann í umræðum
- kynnist leiðum til að stjórna reiði
- kynnist leiðum til að byggja upp sjálfsmynd sína
- æfist í að ræða tilfinningar í hópumræðum

Námsefni:

CAT-kassinn, Þegar reiðin tekur völdin, Þegar kvíðinn tekur völdin, ART félagshæfniefni, Fjársjóðsleitinn, Uppbyggingarstefnan, félagshæfnisögur.

Kennsluaðferðir:

Hópumræður í bekk.

Kennslustund Efni

- Gleði** Gleðiandlit og orðaforði, tengja við þarfirnar (gleði) úr uppbyggingarstefnunni.
Ítarefni: Sallý og Anna (að setja sig í spora annarra) og bílslysamyndin (fólk les mismunandi í aðstæður).
- Sorg** Sorgarandlit og orðaforði, tengja við þarfirnar (umhyggja) úr uppbyggingarstefnunni.
- Að stjórna hugsunum** HAM (Bætt hugsun, betri líðan) – ræða hvernig hugsanir hafa áhrif á líðan. Nemendur útbúa miða með fallegum hugsunum sem veita þeim gleði og hver nemandi setur sína miða í krukku (ein krukka á mann). Líka hægt að nýta umslög í staðinn fyrir krukku.
- Öryggi** Öryggi andlit og orðaforði, tengja við þarfirnar (öryggi) úr uppbyggingarstefnunni.
- Ótti** HAM (þegar kvíðinn tekur völdin) – Óttaandlit og orðaforði, tengja við þarfirnar (öryggi) úr uppbyggingarstefnunni. Bæta í krukkuna – hugsanir sem draga úr ótta/kvíða.
- Að róa sig niður** Jóna öndunaræfingar (djúpvöndun og fjóröndun) og að róa sig niður (Sævar skjaldbaka). Tengja við líkamsvitund.
- Ást og** Ástar (væntumþykju) andlit og orðaforði, tengja við þarfirnar (umhyggja) úr uppbyggingarstefnunni.

væntumþykja

8. Sjálfsmýndin Sjálfsmýndarvinna (Fjársljóðsleitir), að elska sjálfan sig.
9. Reiði Reiðilandlit og orðaforði, tengja við líkamsvitund. HAM – kælandi hugsanir (Þegar reiðin tekur völdin).
10. Reiðistjórnun Reiðistjórnun (ART verkefni og þegar reiðin tekur völdin). Tengja við litahegðun (rautt).
11. Stolt Stolt (hroki) andlit og orðaforði, tengja við þarfirnar úr uppbyggingarstefnunni (áhrif).
12. Sjálfsmýnd Að setja sér markmið og styrkja sjálfsmýndina (Línudansarinn). Of mikið stolt, slæm áhrif á aðra. Ræða hugtökin gerandi og þolandi.
13. Skömm Skammarandlit og orðaforði, tengja við þarfirnar úr uppbyggingarstefnunni. Grátt – feimni, rautt – lúalegur, gult – kjánalegur, grænt – hugrekki til að breyta.
14. Samviskan Ræða um samviskuna og siðferðisvitundina (Klípusergur).
15. Undrun Undrunarandlit og orðaforði. Þægilegt/óþægilegt/reiðiviðbrögð.
16. Upprifjun Orðaleit Tilfinninga-Tótu. Búa til orðabingó/svipbrigðaspil með myndum af bekkjarnemendum með og samantekt mismunandi svipbrigði.

Námsmat:

Umsögn í lok annar.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

G.Í. íslenska 6. bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Hefur þjálfast í að koma fram fyrir stóran hóp og flytja eigin texta og ýmis bókmenntaverk
- Getur tekið átt í umræðum og komist að niðurstöðu og rökstutt skoðanir sínar
- Temur sér að tala skýrt og áheyrilega við öll tækifæri
- Hefur þjálfast í að hlusta á umræður, taka þátt í þeim og halda athygli í töluverðan tíma

G.Í. íslenska 6. bekkur

- Getur átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi hurteisi